

# STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1995

---

12. janúar 1995

21

Nr. 11

## GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1995.

### 1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 9.600 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist í þrennu lagi með gjalddögum 16. janúar, 15. febrúar og 15. mars. Eindagi er einum mánuði eftir gjalddaga og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

### 2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 305/1989 skal vera kr. 7.000.

### 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Umhverfissráðuneytið, 12. janúar 1995.*

**Össur Skarphéðinsson.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*